

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir miðbæ Akureyrar.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 27. september 2023 breytingu á deiliskipulagi fyrir miðbæ.

Breytingin felur í sér færslu á jarðhæðum innan byggingarreita meðfram Glerárgötu um 2-3 m til að uppfylla kröfur um 8 m öryggissvæði meðfram götunni.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 30. október 2023,

María Markúsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfudagur: 13. nóvember 2023